

Fundargerð
Stjórnarfundar Félagsbústaða nr. 3 2020
haldinn fimmtudaginn 27. ágúst 2020 kl. 16:00

Mætt: Haraldur Flosi Tryggvason, Laufey Ólafsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir boðaði forföll og Sigrún Árnadóttir sem jafnframt ritaði fundargerð. Fundurinn var fjarfundur.

Auk þess sátu Kristín Guðmundsdóttir, fjármálastjóri, Sturla Jónsson, endurskoðandi og Sigrún Guðmundsdóttir fulltrúi endurskoðunarnefndar fundinn undir lið 1-2. Bjarni Herrera tók sæti á fundinum undir 2. dagskrárlið.

1. Fundargerð

Fundargerð stjórnarfundar 28. maí var undirrituð.

2. Ársfjórðungsuppgjör og áhættuskýrsla

Fyrir fundinum lá uppgjör fyrstu sex mánaða ársins ásamt fylgigögnum. Farið var yfir ársreikninginn, hann samþykktur og undirritaður.

3. Reikningsskilaráð: álit um meðferð fjárfestingaeigna.

Einnig var fjallað um álit reikningsskilaráðs um meðferð fjárfestingaeigna. Endurskoðandi fór yfir minnisblað sitt vegna álitsins og áhrif þess á hálfársuppgjör en þau eru óveruleg.

4. Ófjárhagslegar upplýsingar og sjálfbærnistefna

Farið var yfir áætlanir um vinnslu og framsetningu ófjárhagslegra upplýsinga með ársreikningi. Bjarni Herrera kynnti nálgun og aðferðir við gerð sjálfbærnistefnu sem tvinnast vel saman við áherslur ófjárhagslegra upplýsingagjafar. Samþykkt að vinna samkvæmt framlögðum áætlunum.

5. Skýrsla um starfsemina

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu þætti í framlagðri skýrslu um starfsemi Félagsbústaða fyrstu sex mánuði ársins.

6. Fjárhags- og uppbyggingaráætlun næstu 5 ára (rammi)

Lögð voru fram drög að áhersluverkefnum og fjárfestingum vegna fjárhagsáætlunar 2020-2025, ásamt grófum fjárhagsramma.

Stjórn samþykkti að vinna við fimm ára áætlun verði byggð framlögðum gögnum og komi til afgreiðslu á næsta fundi stjórnar.

7. Persónuverndarstefna

Farið var yfir drög að persónuverndarstefnu.

Persónuverndarstefna fyrir Félagsbústaði var samþykkt.

8. Áhættunefnd: skipan

Samþykktar voru breytingar á lið 6.1. í áhættustefnu félagsins og hljómar hún þá svo:

„Áhættunefnd er skipuð þremur einstaklingum. Jafnan skal miðað við að stjórn tilnefni einn nefndarmann úr sínum röðum og einn nefndarmann óháðan starfsemi félagsins. Sviðsstjóri Fjármála- og áhættusviðs Reykjavíkurborgar tilnefnir einn nefndarmann.“
Skipan í nefndina var frestað til næsta fundar.

9. Fundargerð fjármögnunarhóps

Lögð fram til kynningar.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 18.30.

Haraldur Flosi Tryggvason, sign.

Laufey Ólafsdóttir, sign.

Sigrún Árnadóttir, sign.